

**Sp. 755. Tillaga til þingsályktunar [312. mál]**  
um endurskoðun áfengisлага.

Flm.. Þorv. Garðar Kristjánsson, Eyjólfur K. Jónsson, Jón Helgason, Ágúst Einarsson, Helgi F. Seljan, Bragi Nielsson, Ólafur Ragnar Grímsson, Oddur Ólafsson, Alexander Stefánsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta endurskoða áfengislöggjöfina í þeim tilgangi að draga úr áfengisneyslu þjóðarinnar, stuðla að hófsemi í meðferð áfengra drykkja, efla bindindi í landinu og auka aðstoð við drykkjusjúklinga.

Skal stefnt að því, að frumvarp að nýjum áfengislögum verði lagt fyrir Alþingi í byrjun næsta þings.

**G r e i n a r g e r ð .**

Eitt af helstu vandamálum þjóðarinnar í dag er fólgið í mikilli og vaxandi neyslu áfengra drykkja. Til úrbóta í þessum vanda er að draga úr áfengisneyslu, stuðla að hófsemi, efla bindindi og auka aðstoð við þá, sem áfengisneyslan hefur leikið verst. Einskis má láta ófreistað að ráða hér bót á. Þess vegna er mikils um vert, að löggjöfin sé á hverjum tíma sem best úr garði gerð til að þjóna slíkum tilgangi. Af þessum ástæðum er þessi tillaga til þingsályktunar flutt.